



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Fífuborg

Starfsáætlun 2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4. Starfspróunarsamtöl.....	10
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	10
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
7. Foreldrasamstarf	12
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
9. Þróunarverkefni.....	13
10. Fylgiskjöl:	13
10.1 Innra mat deilda 2025-2026.....	13
10.1.1 Álfheimar	13
10.1.2 Dvergheimar.....	15
10.1.3 Ljósheimar	16
10.1.4 Hulduheimar.....	18
10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027	20
10.2.1 Hulduheimar/Dvergheimar 4-6 ára	20
10.2.2 Ljósheimar 1-3 ára.....	21
10.2.3 Álfheimar 2 – 3 ára	22
10.3 Heillaspor: áætlun innleiðingarteymis	23
10.4 Leikskóladagatal.....	24
10.5 Umsögn foreldraráðs	26





1. Greinargerð leikskólastjóra

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir því sem hæst bar í starfsemi leikskólans á liðnu skólaári um leið og lagðar eru línur að því næsta.

Fífuborg hefur tekið þátt í innleiðingarverkefni *Heillaspora* síðustu tvö árin. Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi og snýst um að allir, bæði börn og starfsfólk finni til öryggis og vellíðan í leikskólanum og nýti styrkleika sína og hæfileika til fulls. Innan leikskólans starfar innleiðingarteymi sem sér um innleiðingu verkefnisins. Hægt er að lesa nánar um Heillaspor í skólanámskrá Fífuborgar á [heimasvæði leikskólans](#). Á næsta skólaári ætlum við að leggja áherslu á að gera hlutverk starfsmanna í útiveru skýrara og að starfsfólk hafi áherslur Heillaspora í huga í öllum sínum samskiptum við börnin í útiverunni. Við munum halda áfram að innleiða þetta verkefni í leikskólanum og stefnum að því að fara í námsferð næsta vor til Skotlands til að kynna okkur hvernig unnið er með Heillaspor þar.

Í Fífuborg er lögð áhersla á vinnu með könnunaraðferðina og var unnið með þemaverkefni í anda aðferðarinnar á öllum deildum eftir áramót. Afrakstur vinnu vetrarins var til sýnis fyrir foreldra og aðra gesti þann 13. maí sl. Lærdómssamfélag Fífuborgar um könnunaraðferðina hittist reglulega. Þar fá allir tækifæri til að segja frá gangi þemaverkefna á sinni deild. Næsta vetur höldum við áfram með könnunaraðferðina og förum í rannsóknarvinnu með börnunum á ákveðnum viðfangsefnum sem spretta út frá áhugasviði þeirra. Ávinningur af vinnu með könnunaraðferðina er mikill. Orðaforði barnanna eflist í tenglum við viðfangsefnin sem unnið er með. Þau læra ný hugtök, ný sönglög og lesa nýjar bækur. Þau læra að þróa með sér samvinnu, skiptast á og læra að leita lausna sjálf. Könnunaraðferðin eflir í raun alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur. Hægt er að lesa nánar um könnunaraðferðina í skólanámskrá Fífuborgar á [heimasvæði leikskólans](#).

Haldið verður áfram að leggja áherslu á frjálsan leik í tengslum við breytingar á *aðalnámskrá leikskóla* og vinnu með opinn efnivið. Einnig verður áfram lögð áhersla á að efla þætti bernskulæsis markvisst, t.d. með hjálp *Lubba* og með *Orðaspjalli*. Í Fífuborg starfar verkefnisstjóri um skapandi læsi sem hefur unnið markvisst að því að tengja sköpun og bernskulæsi saman, t.d. með sögugerð o.fl.

Við fengum tvo nema frá Þýskalandi í nokkrar vikur í Fífuborg fyrir áramót í tengslum við Erasmus+ samstarfsverkefnið á milli Fífuborgar og Eugen-Kaiser-Schule í Hanau í Þýskalandi. Við stefnum að því að halda þessu samstarfsverkefni áfram og það stendur til að tveir starfsmenn Fífuborgar fari til Þýskalands í vetur á alþjóðlega viku í skólanum þar og kynni starfið í Fífuborg.






2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat leikskólans var unnið eftir þeim þáttum sem matsteymi Fífaborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2025 – 2026 og var gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Börnin endurmátu nokkra þætti starfsins og fór það þannig fram að rætt var við börnin í hóp þar sem þau voru m.a. spurð um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Matslistar sem stuðst var við eru heimagerðir listar um endurmat. Þá var endurmatshringur Fífaborgar notaður.

Endurmatshringur Fífaborgar





Innra mat

Hvað var metið?	Móttaka nýrra starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Á deildarstjórafundum. Í starfsmannaviðtölum leikskólastjóra
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar Nýtt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Deildarstjórar fylgdu móttökuáætlun leikskólans og lögð var áhersla á að nýtt starfsfólk fengi eins <i>blíða byrjun</i> og hægt var. Nýtt starfsfólk fékk tíma fyrstu vikuna til að fylgjast með starfi deildarinnar án ábyrgðar. Lögð var áhersla á að starfsfólk kæmist á nýliðanámskeið á Torginu, þegar við átti, og lesa mikilvæg gögn við upphaf starfsins. Deildarstjórar sinntu eftirfylgd með markvissum hætti og fékk reyndari starfsmann til að vera til taks ef þörf var á.</p> <p>Helstu áskoranir voru að ná að taka viðtöl við nýtt starfsfólk innan þess tímaramma sem við settum okkur. Þau dreifðust því yfir lengra tímabil og ef starfsmaðurinn var mjög vanur þá dróst þetta jafnvel enn meira. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á vinnustofu um móttöku nýliða en vinnustofan var hluti af Leikskólaverkefni SFS. Þar var kynnt móttökuáætlun sem Norðurmiðstöð gerði eftir móttökuáætlun Árborgar. Stjórnendur sáu tækifæri til umbóta á þessari vinnustofu og ætla að styðjast við þessa áætlun í framtíðinni.</p>

Hvað var metið?	Útivera
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum Á skipulagsdögum Í samtölum við börnin
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk Börnin
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Útivera er reglulega til umræðu í starfsmannahópnum. Við viljum alltaf gera betur þegar kemur að útiveru og starfsfólk er óhrætt við að ræða og leggja fram hugmyndir sem notaðar eru til að auðga útiveruna. Með þátttöku í verkefninu Heillasporum (sjá kafla 9) höfum við gert áætlun (sjá kafla 10,3) um umbætur og markmið sem verða framkvæmdar sumarið 2026. Á skipulagsdegi í apríl 2026 var m.a. rætt um að útfæra</p>





	hugmyndabanka sem hægt væri að sækja í til að fá hugmyndir af verkefnum fyrir útiveru. Þannig má efla enn frekar gæði útiverunnar og bjóða upp á fjölbreytt og uppbyggileg verkefni.
--	--

Hvað var matið?	Skráningar
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum Á skipulagsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Leikskólinn ber þess merki að hér séu gerðar skráningar á námi barnanna bæði í rituðu máli og myndum. Mikið er um teikningar og skráningar í tengslum við ákveðin verkefni sem bæði eru unnin á deild og í listaskála. Verkefnastjóri í listaskála vinnur með myndir og skráningar í tengslum við ýmiss verkefni en á deildum er unnið með skráningar sem settar eru í ferilmöppu barnsins og er unnið að því markvisst um veturinn. <i>Sjá innra mat deilda.</i>

Hvað var matið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Markmiðið var að senda könnun til foreldra haustið 2025. Önnur um aðlögun nýrra barna og hin um hvaða tímasetningu foreldrar vilja hafa þegar boðið er til foreldraskemmtunar. Þar sem haustið var mjög erfitt vegna veikinda starfsfólks náðist ekki að gera þessar kannanir. Þessi liður fer því aftur í umbótaáætlun leikskólans 2026 – 2027.

Ytra mat

Hvað var matið?	Starfsandi
Hvernig fór matið fram?	Könnun Reykjavíkurborgar um stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk





<p>Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)</p>	<p>Þátttaka í könnuninni jókst á milli ára, 19 starfsmenn svöruðu, en niðurstöður sýna jákvæða þróun. Meðalskor hækkaði lítillega milli ára, hækkaði um 0,02, en skorið var 4,32. Lögð hefur verið áhersla á fræðslu og starfsþróun sem styður við bætt samskipti og vellíðan, meðal annars með fræðslu frá Stuðnings- og ráðgjafateymi Reykjavíkur og sérfræðingi um svefn. Starfsmannahópurinn sýnir jafnframt áhuga til umbóta með reglulegum umræðum um starfsanda og því hvernig megi efla hann. Starfsfólki hefur fundist mikilvægt að haldið sé vel utan um fasta liði sem gerðir er utan vinnutíma en deildarnar skiptast á að halda utan um þá. Það stuðlar að bættum starfsanda, styrkir samvinnu og þátttöku allra. Hækkun á milli ára er ekki mikil og því er mikilvægt að halda áfram markvissri vinnu við að efla líðan starfsfólks og byggja ofan á þann grunn sem þegar hefur verið lagður.</p>
---	---

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun	
Umbótapáttur/matspáttur	Fundir og fundartímar
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að fundir falli ekki niður. Að fundartímar henti starfsemi leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að gera plan yfir veturinn, eitt fyrir áramót og annað eftir áramót, fyrir þá fundi sem við erum með í leikskólanum. Hér erum við að tala um deildarfundi, deildarstjórafundir, innleiðingarfundi og fundi hjá þeim teymlum sem við erum með t.d. læsisteymi, könnunaraðferðarteymi og sérkennsluteymi.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Vera með skráningu á skipulagsblöðum til að skrá ef fundur fellur niður og setja inn nýjan fundartíma. Fara yfir þessi blöð á stjórnendafundi eftir haustönnuna og meta hvort þörf er á að breyta einhverju fyrir vorönnuna.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að fundartímar haldi sér. Að skráð sé niður ef fundur fellur niður og nýr tími fundinn strax. Að fyllt verði út í fundagerðarblöð á öllum fundum sem eru aðgengileg öllu starfsfólki.
--	---

Uppeldis og menntastarf

Umbótaþáttur/matsþáttur	Útikennsla
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla útikennslu í starfi leikskólans. Að garðurinn og nærumhverfi leikskólans sé nýtt til náms og upplifunar. Að leikskólinn beri þess merki með myndum og skráningum að hér sé öflug útikennsla.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að skipuleggja reglubundna útikennslu þar sem garðurinn og nærumhverfið eru nýtt. Fá fræðslu eða fara í heimsóknir á leikskóla sem eru með öflugt útikennslu nám. <i>Sjá umbótaáætlun deilda.</i>
Ábyrgð	Stjórnendur Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Þessi umbótaþáttur verður settur í endurmatsmöppu deilda fyrir og eftir áramót. Á skipulagsdögum Á deildafundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að útikennsla sé hluti af daglegu starfi leikskólans. Að leikskólinn beri þess merki með myndum og skráningum þegar það á við. <i>Sjá umbótaáætlun deilda.</i>

Mannauður/leikskólabragur

Umbótaþáttur/matsþáttur	Nýta mannauðinn
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að nýta áhuga og styrkleika starfsfólk markvisst í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildastjórar taki tíma í haustviðtölum til að ræða um styrkleika, áhugasvið og hugmyndir að verkefnum. Að stafsfolk fái tækifæri til að taka þátt í og sinna verkefnum sem það hefur áhuga á.





Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat í starfsmannaviðtölum við leikskólastjóra
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk upplifi að hæfni þeirra og áhugasvið séu nýtt í starfi. Að starfsfólk upplifi að það fái að taka frumkvæði að verkefnum.

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Foreldrakönnun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að foreldrar/forráðamenn taki þátt í að meta starf leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að foreldrar nýrra barna fái könnun um aðlögun að henni lokinni. Að foreldrar fái könnun um hvaða tímasetning henti best fyrir foreldraskemmtun.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustið 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Senda út rafræna könnun til foreldra nýrra barna um aðlögunina fljótlega eftir að henni lýkur. Senda rafræna könnun í október til allra foreldra um hvaða tímasetning henti best fyrir foreldraskemmtun.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að senda könnun um aðlögun nýrra barna og um tímasetningu á foreldraskemmtun. Að svarhlutfall verði hærra en var árið 2025 (28 foreldrar).





4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2025 og júní 2026. Deildarstjórar tóku viðtöl við sitt starfsfólk í október og leikskólastjóri tók viðtöl við allt starfsfólk leikskólans í júní. Á næsta skólaári munu þessi samtöl vera aftur að hausti í október og að vori í maí/júní. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að skapa vettvang og taka frá stund til að heyra hvernig starfsmönnum líður. Einnig að hlusta á óskir þeirra varðandi starfsþróun og í lok samtals að vori setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Skólaárið 2026 - 2027 er stefnt að því að fá eftirfarandi fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum:

- Fyrirlestur um útikennslu og/eða heimsókn í leikskóla sem er með öflugra útikennslu.
- Fyrirlestur um Vinnuvernd - líkamsbeitingu (Hluti af umbótaáætlun í Öryggisáætlun Fífaborgar).
- Fyrirlestur um börn og sorg.
- Fyrirlestur – Námskeið um opinn efnivið. (Það tókst ekki að fá fyrirlestur um þetta viðfangsefni á síðasta skólaári).
- Fyrirlestur – Námskeið um skráningar í leik.
- Fyrirlestur – Námskeið um tónlist með börnum.

Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir og komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Í starfsþróunarviðtölum á liðnu skólaári var helst óskað eftir því að komast á námskeið um tónlist með börnum og á námskeið í tengslum við stjórnun.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva



Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Samstarf við Rimaskóla og Frístundaheimilið Tírísbæ gekk vel í vetur og höfum við átt góð samskipti þar á bæ.





Í desember fórum við í íþróttatíma en þá er alltaf Tarzan leikur, mikið fjör og börnin skemmta sér vel. Fórum aftur fyrir páskana í Tarzan leik, þessir tímar eru með 1.bekk. Rimafjör var í apríl það var mjög skemmtilegt og spennandi. Á svipuðum tíma var farið í heimsókn í 1.bekk og börnin mjög áhugasöm um hvað er gert í grunnskólanum.

Farið var í eina heimsókn í Frístundaheimilið Tígrisbæ. Þar fannst börnunum skemmtilegt að skoða öll leikföngin, lita og perla. Þeim var boðið upp á ávexti og vatn sem þau snæddu af bestu lyst.

Á Degi íslenskrar tungu kom 4.bekkur Rimaskóla í leikskólana í hverfinu og lásu sögu fyrir börnin.

Tímasett áætlun fyrir komandi skólaár kemur að hausti eftir fund með Rimaskóla og leikskólum í nágrenninu. Reynt er að tímasetja eftir stundatöflu skólans og leikskólans eftir bestu getu.



Skipulagið sem er í boði næsta vetur er gróflega eftirfarandi:

Dagsetning	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Október 2026	Heimsókn á bókasafn	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar
Október 2026	Danstími	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar
Október 2026	Börn í 1. bekk í heimsókn	Fífuborg	Deildarstjóri elstu deildar
16.Nóvember '26	Börn í 4. Bekk lesa fyrir okkur	Fífuborg	Deildarstjóri elstu deildar
Desember '26	Íþróttatími	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar
Febrúar 2027	Heimsókn í Tígrisbæ (Frístund)	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar
Mars 2027	Íþróttatími	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar
Apríl 2027	Föstudagsfjör	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar
Mars/apríl 2027	Bekkarheimsókn í 1. bekk	Rimaskóli	Deildarstjóri elstu deildar





7. Foreldrasamstarf

Við leikskólann starfar foreldrafélag og foreldraráð og mun hlutverk þeirra vera með sama fyrirkomulagi og síðustu ár. Á fundi fyrir nýja foreldra að hausti er óskað eftir áhugasömum foreldrum til að vera í foreldraráði og foreldrafélagi. Áhugasömum foreldrum er boðið á fund um haustið með sitjandi meðlimum sem bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Kosið er um formann, varaformann og ritara. Undanfarin ár hefur foreldraráði og foreldrafélagi verið boðið saman á fund þar sem sumir foreldrar eru bæði í félaginu og ráðinu.

Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðili um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Foreldrafélagið Fífan sinnir ákveðnum verkefnum og skipuleggur uppákomur s.s. sveitaferð, greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags.

Foreldrum nýrra barna er boðið á fund í maí/júní ár hvert þar sem starf og stefna leikskólans er kynnt. Þeir hitta deildarstjóra, skoða deild barnsins og fá ýmsar gagnlegar upplýsingar og fylla út og skrifa undir þau gögn sem þarf.

Í september eru foreldrafundi haldnir fyrir hverja deild þar sem starf vetrarins er kynnt fyrir foreldrum. Fundirnir eru haldnir í sal leikskólans klukkan 8:15.

- Hulduheimar 21. september
- Dvergheimar 22. september
- Álfheimar 23. september
- Ljósheimar 24. September

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Á haustönn byrja viðtölin um 9. nóvember og á vorönn um 8. mars. Deildarnar skipta með sér dögum og senda skjal á foreldra sem skrá sig síðan á tíma sem hentar. Ef engin tími hentar hafa foreldrar samband við deildarstjóra og finna tíma.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2026 – 2027:

- ❖ Mið. 30. september 2026. Sameiginlegur skipulagsdagur í Rimahverfi.
- ❖ Fös. 27. nóvember 2026.
- ❖ Fös. 05. febrúar 2027. Sameiginlegur skipulagsdagur í Rimahverfi.
- ❖ Mán. 12. apríl 2027.
- ❖ Mið. 05. maí 2027. Námsferð Fífuborgar.
- ❖ Fös. 07. maí 2027. Námsferð Fífuborgar.





Leikskóladagatal Fífborgar skólaárið 2026 – 2027: sjá fylgiskjal 10.4

9. Þróunarverkefni

Við erum ekki að taka þátt í þróunarverkefni.

Við erum í innleiðingu á verkefninu Heillaspor ásamt öllum grunnskólum, leikskólum, frístundarheimilum og félagsmiðstöðum í Grafarvogi. MMS hefur haldið utan um innleiðinguna en innleiðingin hefur færast yfir á Austurmiðstöð með stuðningi frá MMS.

Við erum á öðru ári innleiðingarinnar en fyrsti veturinn gekk mjög vel og náðum við okkar markmiðum. Innleiðingin átti að taka tvö ár en hún fór mjög seint af stað veturinn 2025-2026 vegna þess að það vantaði tengilið í Austurmiðstöð til að leiða verkefnið áfram. Það er því óvíst hvenær innleiðingin klárast. Hér er hægt að kynna sér Heillasporin betur

<https://memm.mms.is/mottaka/afoll/heillaspor>

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda 2025-2026

10.1.1 Álfheimar

Á Álfheimum vorum 19 börn veturinn 2025-26, 14 fædd 2022 og 5 fædd 2023. Umbótaþættir þessa vetrar voru skráningar, útivera og opinn efniviður (umbótaþáttur frá vetrinum áður sem við náðum ekki að vinna nógu vel með).

Styrkleikar

Skráningar: Við tókum okkur á að skrá og taka myndir af ýmsum verkefnum sem við unnum í vetur sem og gönguferðum. Við hengdum upp skráningarnar við deildina svo börn og foreldrar gætu skoðað og spjallað um það sem við vorum að gera hverju sinni. Í vikulegum póstum til foreldrana var sagt frá því sem við vorum búin að gera þá viku. Sway skjöl voru send bæði að hausti og vori. Við sendum skráningar með jólagjöfunum. Við teljum þessum þætti lokið og ætlum að halda áfram að standa okkur vel í skráningum áfram.

Útiveran: Við tókum útiveruna og opinn efnivið (umbótaþáttur frá vetrinum áður) saman þennan vetur. Markmið okkar var að gera útiveruna fjölbreyttari og lærdómsríkari fyrir öll börn óháð aldri og getu. Við vildum líka skoða hvaða leikföng við værum að bjóða upp á og hvort við gætum bætt okkur þar. Okkur tókst þetta að vissu marki en veturinn var erfiður svo það tókst ekki eins og við stefndum að. Umbótaþáttur næsta vetur er útikennsla og munum við því halda áfram að einbeita okkur að útiverunni og opnum efnivið.

Inni á deild tókst okkur þó að vinna vel með opinn efnivið. Við fórum að nýta betur einingakubbana hjá okkur sem og litlu holukubbana. Leikskólinn keypti stóra segulkubba sem gaman var að nota í salnum.



Tækifæri

Skráningar: Starfsmenn voru duglegir að skrá og taka myndir af bæði leik barna og af verkefnum. Við hengdum þessar skráningar upp þannig að foreldrar og forráðamenn gætu skoðað og átt samræður með börnunum. Við sjáum tækifæri í því að vinna áfram með skráningar og bæta við skráningum í leik barna. Foreldrum finnst gaman að sjá hvernig þeirra barn er í leik með öðrum og munum við nýta foreldraviðtölin á vorin til að sýna og ræða þessar skráningar. Í gegnum skráninguna og myndir getum við betur séð stöðu barnsins í barnahópnum, eru þau að stjórna leikum, eru þau að leyfa öðrum að vera með og stjórna líka, eru þau meira að leika við hlið hinna barnanna o.s.frv.

Útiveran: Umbótaþáttur næsta vetur er útikennsla. Við viljum efla útikennslu og sjáum við tækifæri í því að vinna vel með þennan þátt á fjölbreytan máta. Við viljum nota gönguferðir markvissara í útikennslu þannig að við séum ekki bara að einblína á garðinn okkar heldur líka nærumhverfið. Við viljum búa til hugmyndabanka þar sem hægt er að nálgast á fljótlegan máta ýmis útikennsluverkefni, bæði sem taka styttri tíma og lengri. Þannig vonum við að starfsfólk öðlist meira öryggi í því að vinna að verkefnum úti með stærri eða minni hópa.





10.1.2 Dvergheimar

Skólaveturinn 2025-2026 voru 16 börn fædd árið 2021 á Dvergheimum.

Veturinn 2024-2025 voru þrjú umbótaþættir þar sem markmið náðust ekki og voru þessir þættir settir aftur inn í umbótaáætlun fyrir Dvergheima skólaveturinn 2025-2026. Þetta voru umbótaþættirnir: frjáls leikur, opinn efniviður og bernskulæsi. Unnið var að því að ná settum markmiðum í vetur. Markmið náðust og því teljum við þessum umbótaþáttum frá fyrra ári lokið.

Skólaveturinn 2025-2026 voru tveir nýir umbótaþættir útivera og skráningar, ekki náðust þau markmið sem við settum okkur að fullu yfir skólaveturinn. Því fara þessir þættir inn í tækifæri til umbóta fyrir skólaveturinn 2026-2027

Styrkleikar

Kennarar deildarinnar hafa unnið vel saman í vetur þó svo það hafi verið breytingar á kennarahópnum. Vel hefur verið tekið á móti nýjum deildarstarfsmönnum og þeim leiðbeint og eldri starfsmenn miðluðu reynslu sinni og þekkingu.

Verkefnavinna og skipulag var einfaldari í framkvæmd þar sem það var einn árgangur á deildinni í vetur.

Á deildarfundum og skipulagsdögum gafst tækifæri til að rifja upp og ræða um umbótaþættina, hvað mátti fara betur og/eða framkvæma á annan hátt.

Umbótaþættir síðasta vetrar hafa fléttast vel saman, börnin hafa aðgang að opnum efnivið í frjálsum leik yfir leikskóladaginn og langur leikdagur gekk vel. Börnin voru ánægð með langan leikdag og fannst gaman að fá ávaxta bita á meðan þau voru að leika sér því það er ekki venjan.

Í tengslum við eflingu bernskulæsis var markmiðið að merkja hluti og búnað á deildinni með texta og mynd. Börnin sýndu spjöldunum mikinn áhuga og kölluðu á kennara til að sýna að þau „gætu“ lesið orðin sem stóðu við myndina. Börnin voru mjög stolt þegar þau lásu af miðunum fyrir kennara.



Tækifæri

Nýir umbótaþættir fyrir skólaveturinn 2025-2026 var skráning og útivera

Skráning -tækifæri til umbóta

Á Dvergheimum fer fram heilmikil skráning og nýtt markmið í skráningu fyrir skólaveturinn 2025-2026 var að gera eina leikskráningu fyrir hvert barn, það náðist ekki að gera leikskráningu fyrir öll börnin á deildinni. Foreldrar voru ánægðir að sjá þær leikskráningar sem náðist að gera, og höfðu orð á því hve gaman væri að skyggjast inn í leik barnanna í leikskólanum og sjá hvaða hlutverk þeirra barn hafði í leiknum.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026-2027 er markmiðið að fylgjast með og skrá niður leik barnana einu sinni yfir veturinn og ljúka því fyrir foreldraviðtölin að vori svo hægt sé að sýna foreldrum skráninguna.

Útivera -tækifæri til umbóta

Ekki náðist að fullu að auðga útiveruna vegna fáliðunar, haustið byrjaði vel og boðið var upp á verkefni í útiveru en svo þegar leið á veturinn féll það mikið niður vegna fáliðunar, á vormánuðum var markmið vetrarins rifjað upp og boðið upp á verkefni í útiverunni.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026-2027 er markmiðið að halda áfram að auðga útiveruna fyrir öll börn og flétta það saman við nýjan umbótaþátt útikennsla.



10.1.3 Ljósheimar

Á Ljósheimum voru 17 börn veturinn 2025 – 2026 og fjórir fastir starfsmenn. Ljósheimar eru yngsta deildin og voru 16 börn fædd 2023 og eitt 2024. Í janúar 2026 urðu deildarstjóraskipti á deildinni en starfsfólkið sem var fyrir er vant og því gengu hlutirnir áfram nokkuð smurt fyrir sig. Nýi deildarstjórinn vissi þó ekki strax af umbótaþáttunum sem átti að vinna með og lagði því ekki mikla áherslu á þá til að byrja með en tók sig á þegar hann frétti af þeim. Í vetur var unnið með útiveru og skráningar.



Styrkleikar

Starfsfólkið á Ljósheimum er vant og hefur unnið saman í mörg ár. Starfið gengur smurt fyrir sig og veit starfsfólk til hvers er ætlast af þeim og er duglegt að spyrja ef það er í vafa.

Útivera – Haustið 2025 voru börnin ennþá það ung að útiveran var aðallega bundin við leikskólagarðinn. Þau fóru yfirleitt út einu sinni og stundum tvisvar á dag. Börnin voru öll virk og nutu sín vel í útiveru og var reynt að hafa fjölbreytt leikföng til að gera útiveruna skemmtilega en einnig var prófað að hafa engin leikföng og nutu þau sín jafn vel að leika með það sem þau fundu í garðinum eins og lítil prik og steina. Í febrúar 2026 byrjuðum við að fara með börnin í gönguferðir og tókum þá kerru með ef einhver ætti erfitt með að labba vegalengdirnar sem við fórum. Kerran var þó fljótt skilin eftir í leikskólanum þar sem öll börnin voru dugleg að labba. Gönguferðirnar voru mjög vinsælar og voru öll börn til í að fara út að labba. Við nýttum gönguferðirnar til dæmis í að finna liti tengda litavikumum, athuga hvort við fyndum einhver dýr, hoppa í polla, prófa nýja leikvelli og fleira.

Skráningar – Fyrir jól gengu skráningarnar vel fyrir sig. Það voru teknar myndir af börnum í leik og starfi og hengdar upp á deildinni. Síðan voru þær klipptar niður, plastaðar, gataðar og tengdar saman með hring svo börnin gætu skoðað þær. Einnig voru teknar myndir af börnunum að gera jólagjöfina og gerð skráning sem foreldrar fengu svo heim með jólagjöfinni. Foreldrar fengu svo sent í tölvupósti sway skjal um starfið í desember.

Eftir jól voru prentaðar út myndir fyrir *opna húsið* okkar 13. maí og hengdar við hliðina á listaverkum barnanna frá vetrinum.

Jafnt og þétt yfir veturinn voru gerðar skráningar á barni vikunnar og foreldrar fengu sendan tölvupóst um hvað væri að gerast á deildinni ásamt myndum inni á Völu.





Tækifæri

Útivera – Þegar kemur að útiverunni er erfitt að ætlast til að yngstu börnin geti verið í miklum leikjum eða nýtt allan þann efnivið sem til er sérstaklega fyrir jóla þegar þau eru enn þá að venjast leikskólanum. Það er þó alltaf hægt að gera betur og gæti starfsfólkið á deildinni lesið sér meira til um útinám og leitað eftir fleiri leikjum fyrir yngstu börnin ásamt því að hafa enn fjölbreyttara leikföng í boði. Við teljum þó að við höfum náð markmiðinu okkar með útiveruna þennan veturinn.

Skráningar – Skráningarnar gengu í heildina vel en deildarstjórinn sem tók við í janúar mun vera meðvitaðri á næsta ári um að vera duglegri að prenta út skráningarnar og setja á veggina á deildinni til að hafa þær sýnilegar.

10.1.4 Hulduheimar

Á Hulduheimum skólaveturinn voru 16 börn fædd árið 2020.

Frjáls leikur, opinn efniviður og bernskulæsi var haldið á lofti í vetur og gekk vel að vinna með þessa þætti. Teljum við markmiðum vera náð en við munum vinna áfram með þessi atriði og gera enn betur til að ýta undir leikgleði og félagsleg samskipti barna.



Veturinn 2025-2026 voru tveir nýir umbótaþættir þ.e. útivera og skráningar, ekki náðust markmiðin sem við settum okkur fyrir síðasta vetur. Þess vegna fara þessir þættir inn í tækifæri til umbóta skólaárið 2026-2027.

Styrkleikar

Skráning

Stefnt að því að efla skráningu á leik barna og leikinn í útiveru en það gekk ekki nógu vel. Þar af leiðandi munum við að halda áfram með skráningu og útiveru næsta skólaárið 2026-2027.

Þróa betra verklag starfsmanna fyrir skráningar, bæði skriflega og myndrænt, þannig að framvinda og reynsla verði skýr og markviss.

Mikilvægt að efla mannauð, með það að markmiði að fleiri starfsmenn geti tekið virkan þátt í skráningu, myndatöku, mati og eftirfylgni. Markmiðið er að bæta skráningar og gera leik barna sýnilegir og styðja betur við þroska barna og faglegt starf með markvissri eftirfylgni.

Skráning hjálpar okkur að sjá hvar barn stendur og hvaða styrkleika og áskoranir það hefur í samskiptum við önnur börn. Grípa inn í eftir þörfum með tilliti til einstaklingsbundinna þarfa barna varðandi þroska og félagsleg samskipti.

Útivera

Í útiveru tókst ekki að viðhalda þeirri fjölbreytni sem stefnt var að. Verkefnið sem boðið var upp á voru fjölbreytt og markviss sem studdu við leik, hreyfingu og áhuga barnanna. Þegar leið á veturinn dró hins vegar úr þessari fjölbreytni. Ástæða þess gæti tengst árstíðinni s.s. veðurfari og minna skipulagi og andvaraleysi starfsmanna á leiknum í útiverunni.





Tækifæri

Tækifæri til umbóta útivera

Markmiðið að efla leik barna í útveru og að bæta verkefnaval þeirra náðust ekki að fullu á tímabilinu 2025-2026. Verkefnið fór vel af stað haustið en þegar leið á veturinn dró úr framgangi þess og það lagðist af á tímabili. Á vormánuðum voru verkefni í útverunni rifjuð upp og boðið upp á margvísleg verkefni í útiverunni.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026-2027 er markmiðið að halda áfram að auðga útiveruna fyrir öll börn og flétta það saman við nýjan umbótaþátt útikennsla.

Tækifæri til umbóta skráning

Á Hulduheimum fer mikil skráning með myndum sem eru sýnilegar börnum og foreldrum á veggjum deildarinnar þar sem þema verkefni barnanna eru. Markmið skólaársins 2026-2027 á Hulduheimum er að gera skriflegar skráningar ásamt myndum einu sinni yfir veturinn fyrir hvert barn.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026-2027 er markmiðið að fylgjast með og skrá niður leik barnanna einu sinni yfir veturinn og ljúka því fyrir foreldraviðtölin að vori, svo hægt sé að sýna foreldrum skráninguna.





10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Útinám leikskólabarna er mikilvægt og viðurkennd kennsluaðferð í leikskólastarfi. Útinám byggir á því að börn læri í og af umhverfinu, með leik, könnun og eigin reynslu að leiðarljósi. Útinám felur í sér skipulagða og óskipulagða náms- og leikupplifun barna utandyra í nærumhverfi leikskólans eða á sérstökum náttúrustöðum (t.d. garðar, skógarlundir, fjörur). Námið tengist markmiðum aðalnámskrár leikskóla og styður við heildrænan þroska barna.

- Börn læra að vinna saman, semja reglur og leysa ágreining.
- Eykur sjálfstæði, sjálfstraust og seiglu.
- Börn upplifa frelsi og tilfinningalegt jafnvægi.
- Börn rannsaka, gera tilgátur og læra af eigin reynslu.
- Efniviður náttúrunnar örvar ímyndunarafl og skapandi leik.
- Eflir málþroska með samtölum, spurningum og frásögnum.

10.2.1 Hulduheimar/Dvergheimar

4-6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auðga útikennslu og umhverfislæsi barnanna og gera skráningar eftir hverja útikennslustund.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skilgreina eina gönguferð í mánuði sem er séstaklega ætluð útikennslu, setja upp einfalt þema fyrir hvern mánuð. Starfsmenn deildarinnar vinna saman að því að finna þema fyrir hvern mánuð og útfærslu á fræðslu til barnanna. Eldri deildin getur dýpkað verkefni eftir þroska, getu og áhuga barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026 -2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gera skráningar með myndum og texta um þemað í útikennslustundinni. Spyrja börnin eftir stundina hver þeirra upplifun var. Umræður á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið um að meta árangur eru skráningar frá útikennslustundinni og upplifun barnanna. Markmiðið er ein útikennslustund á mánuði, útbúa skráningarblað sem merkt er við hvort markmiði hvers mánaðar sé náð.





10.2.2 Ljósheimar 1-3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla útikennslu með yngstu börnunum. Hafa markvissari kennslu í útiveru í garðinum og svo seinna að vetri í gönguferðum eins og að finna liti tengda litavikunum, læra tölustafina og að telja með því að telja hluti í umhverfinu (hvað sjáum við marga bíla?), hvað getum við búið til úr snjónum, hvaða blóm sjáum við, hvaða dýr sjáum við og margt fleira.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Til að byrja með munum við reyna að hafa fastan dag einu sinni í mánuði fyrir einhvers konar útikennslu. Það verður mögulega takmarkað fyrir vegna aðlögunar sem getur stundum teygst á.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Þar sem börnin eru frekar ung fyrstu mánuðina á haustin og tjá sig takmarkað mun starfsfólkið meta útikennsluna og hvernig gengur á deildarfundum. Við munum gera áætlun fyrir útikennsluna um hvað verður tekið fyrir í hverjum mánuði og getum þá séð hvort því var náð. Einnig munum við taka myndir og gera skráningar til að sýna börnunum og hengja þær svo upp á deildinni. Þegar líður á veturinn verður svo hægt að spyrja börnin meira um útikennsluna og heyra hvað þau vilja.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þar sem við munum stefna á útikennslu einu sinni í mánuði munum við gera áætlun um hvað við gerum í hverjum mánuði og hvort við höfum náð því.





10.2.3 Álfheimar 2 – 3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Flétta útikennslunni inn í bæði almenna útiveru og líka gönguferðir. Auðga útiveruna og tengja náttúruna meira inn í okkar starf. Gera hugmyndabanka þar sem hægt er að nálgast ýmis verkefni til að nota í útikennslu. Gera reglulega skráningar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Funda með starfsfólki og búa til sameiginlegan hugmyndabanka að verkefnum og leikjum sem hægt er að grípa í. Taka nokkrar gönguferðir í útikennslu og vinna eftir þeim vetrarins.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir og starfsdagar. Spyrja börnin reglulega hvað þeim finnst. Gera skráningar og taka fullt af myndum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Setjum okkur markmið í byrjun vetrar og metum það á skráningarblaði. Spyrja börnin eftir hverja útikennslu hvað þeim fannst, skrá það niður og meta.





10.3 Heillaspor: áætlun innleiðingarteymis

Áætlun innleiðingarteymis:	
Dagsetning fundar:	11. maí 2026
Gæðaviðmið:	Stuðningur og viðvera fullorðinna er skipulögð í takt við þarfir barna og ungmenna t.d. að fleiri fullorðnir séu til taks á útisvæði.
Hvað á að gera?	1.Gera hugmyndabanka um verkefni í útiveru. 2. Skerpa á skipulagi fyrir útiveru. 3. Nýta reynslumikið starfsfólk til að miðla sinni þekkingu til annarra.
Aðgerðaskref	
Hvernig?	Nota skipulagsdag til að kynna hugmyndabanka og skerpa á útiveruskipulagi fyrir öllu starfsfólki. Tala við reynslumikið starfsfólk til að fá það í lið með okkur að kynna fyrir öðru starfsfólki hugmyndir að verkefnum í útiveru
Hvar? Í hvaða aðstæðum?	Í útiveru.
Hvenær? Yfir daginn?	Þegar það er útivera.
Hlutverk: <i>Hver tekur þátt, framkvæmir?</i>	Innleiðingarteymi ásamt starfsfólki sem það fær með sér til að efla útiveru. Markmiðið er síðan að allt starfsfólk sé hluti að þessu.
Ábyrgðaraðili: <i>Eftirfylgd og endurskoðun</i>	Sunna og Lena.
• Hvaða áhrif mun breytingin hafa?	• Hvenær á ávinningur innleiðingar að birtast:
Fjölbreyttari verkefni í útiveru sem ná til fleiri barna. Starfsfólk öruggari með hlutverk sitt í útiveru, börn eru virkari í verkefnum ásamt því að og fá félags- og málörvun.	Sumarútiveru 2026.





10.4 Leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2026 - 2027											
Nafn leikskóla: <input type="text" value="Fíftuborg"/>											
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÍJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 D	1 F	1 S	1 D	1 F	1 M	1 M	1 F	1 M	1 D	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 L	2 D	2 D	2 F	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	Friðdagur veslunanna	3 F	3 D	3 M	3 S	3 M	3 F	3 L	3 M	3 F	3 L
4 D	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 D	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 D	5 L	5 D	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 D	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 D	6 F	6 S	6 D
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 L	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 D	8 F	8 M	8 D	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 D	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 L	9 F	9 D	9 D	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 D	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 D	10 L
11 F	11 D	11 M	11 S	11 M	11 F	11 L	11 F	11 S	11 D	11 F	11 S
12 M	12 L	12 F	12 D	12 L	12 M	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 S	13 D	13 M	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 D	13 F	13 S	13 D
14 F	14 M	14 D	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 F	15 D	15 L	15 D	15 F	15 M	15 M	15 L	15 F	15 D	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 D	16 L	16 F	16 F	16 M	16 S	16 D	16 F
17 M	17 D	17 M	17 L	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 L	17 L
18 F	18 S	18 M	18 F	18 D	18 M	18 F	18 F	18 M	18 D	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 D	19 L	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 D	20 M	20 F	20 L	20 L	20 L	20 M	20 F	20 S	20 D
21 F	21 M	21 D	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 F	22 M	22 D	22 L	22 F	22 M	22 M	22 L	22 F	22 D	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 D	23 L	23 F	23 F	23 M	23 S	23 M	23 F
24 M	24 D	24 M	24 L	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 F	24 F	24 L
25 D	25 F	25 M	25 D	25 L	25 F	25 M	25 F	25 S	25 D	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 D	26 L	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 D	27 M	27 L	27 F	27 S	27 L	27 S	27 F	27 D	27 D
28 F	28 M	28 F	28 M	28 D	28 L	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 D	29 M	29 L	29 F	29 M	29 F	29 M	29 L	29 F	29 D	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 D	30 L	30 M	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 L	31 L	31 S	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða friddagar starfsfólks eða friddagar. Leikskólagíöld leikja ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrís og skráningardagur eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um þau og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarihlí. Leikskólaþjónið akveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allri sumari eða tóki samfétt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hvern listit skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræis við fjölskyldur í Reykjavík.

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:



F. h. Leikskólans Fífborgar

Helga Arnfjörð Sigurðardóttir 01. Júní 2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





10.5 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Fífuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kristján Gísli Stefánsson
Aðalbjörg Sigurðardóttir
Ingibjörg B. Guðmundsdóttir
Ísak Már Símonarson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Starfsáætlun Fífuborgar 2026-2027

1. Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já

2. Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er vel uppsett, skýr og mjög auðlesanleg. Efnið er hæfilega langt og vel farið yfir helstu þætti.

3. Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Áætlunin veitir foreldrum mjög góða og gagnsæja innsýn í daglegt starf og faglega þróun skólans. Greinargerð leikskólastjóra útskýrir ávinninginn af þeim kennsluaðferðum sem stuðst er við. Innra mat deildanna gefur mjög ítarlega og hreinskilna mynd af því hvað gekk vel í starfi hvers árgangs og hvar tækifæri til umbóta liggja. Upplýsingar um skipulag og tímasetningu viðburða næsta árs liggja fyrir sem auðveldar foreldrum skipulag.

4. Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Það er miður að ekki tókst að ljúka innleiðingu Heillaspora vegna aðstæðna sem rekja má til Austurmiðstöðvar.

Við fögnum því að efla eigi útikennslu á öllum deildum, hvort sem það er með því að nýta lóð leikskólans og nærumhverfi eða í lengri ferðum með eldri börnin.

Að öðru leyti lýsir foreldraráð yfir ánægju sinni með áætlunina, fagnar fyrirhugaðri námsferð starfsfólks til Skotlands til að dýpka þekkingu á Heillasporum og staðfestir stuðning sinn við áætlunina í heild sinni.

Foreldraráð Fífuborgar

Kristján Gísli Stefánsson
Aðalbjörg Sigurðardóttir
Ingibjörg Bjartmarz Guðmundsdóttir
Ísak Már Símonarson





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



